

11. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 17. nóvember 1999 á skrifstofu SORPU, Gufunesi, kl. 15:30

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Jóhannes Pálsson og Ásmundur Reykdal.
Einnig mættu á fundinn Ragna Halldórsdóttir, Gyða Björnsdóttir og Ögmundur Einarsson frá SORPU.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Þjónustusamningur SORPU við FENÚR.

Ögmundur lagði fram tillögu að þjónustusamningi SORPU við FENÚR, þar sem fram kemur hvaða þjónusta verður veitt vegna félagsstarfsins. Stjórnarmenn töldu tilboðið afar hagstætt og samþykktu að taka því. Varaformaður í fjarveru formanns, undirritaði samkomulagið. Afrit samnings fylgir fundargerð.

Ögmundur lagði einnig fram yfirlit yfir kostnað sem SORPA lagði út fyrir vegna fundarhalda og móttöku erlendra gesta á vegum SORPU og FENÚR í September sl.. Samtals er um að ræða Kr. 640 þús., og þar af var samþykkt að FENÚR greiði Kr. 200 þús.

Heimasíðugerð.

Gyða og Ragna greindu frá stöðu varðandi heimasíðugerð FENÚR og sýndu sýnishorn af útliti síðunnar, sem er til fyrirmyndar. Þær greindu frá kostnaði við rekstur síðunnar, eins og þær lögðu til að hún yrði. Stofnkostnaður er Kr. 9.000 og mánaðargjald Kr. 2.000 Fram kom að fyrri hugmyndir stjórnarmanna um aðgengi að síðunni, kallaði á of mikinn kostnað, ekki undir Kr. 400.000 vegna hugbúnaðar og fleira, auk reksturs. Stefnt er að því að opna síðuna til notkunar sem fyrst.

Starfshópar.

I.A. Greindi frá því, að fundur í Urðunarhópi væri fyrirhugaður 25. Nóvember n.k. hann bar einnig fram skilaboð frá Einari Bjarna Bjarnasyni, Hreinsunardeild Reykjavíkur, sem biðst undan því að vera hópstjóri flutningahópsins. Lagt til að Atli Ómarsson hjá Gámakó hf. verði beðinn að taka hópstjóra starfið að sér. I.A. ræðir við Atla.

Gyða óskar eftir að hópstjórar sendi henni upplýsingar, sem þeir vilja að komi fram á heimasíðu FENÚR varðandi starfshópana. Stjórnin komi skilaboðum um þetta til hópstjóra.

Jóhannes greindi frá því að Lagahópur undirbyggi nú fund og stefndi að því að hitta menn í Umhverfisráðuneytinu í framhaldi af því, í byrjun Desember.

Á.R. lagði fram fundargerð ISWA fundar, sem haldinn var í September s.l. í Reykjavík um úrgangsminnkun og endurvinnslu. Stefnt að því að fjölfalda samantekt um rafeinda og rafmagnstækja úrgang, sem var til umræðu á fundinum og senda út til Endurvinnsluhóps FENÚR.

Aðalfundur FENÚR árið 2000.

Ákveðið að stefna að því að aðalfundur FENÚR, verði haldinn 31. mars á næsta ári og tengja hann umfjöllun um það sem efst er á baugi í málaflokknum með ráðstefnu að fundinum loknum. Tillaga kom um að þema ráðstefnunar verði “Íslenska leiðin” og yrðu fengnir fyrirlesarar til að fjalla um efnið.

Á.R. Lagði til að Ö.E. frá SORPU yrði einn fyrirlesara með nýjar hugmyndir varðandi lífrænan úrgang. Annað efni og hverjir flytja er ófrágengið, en stjórn mun á næstu fundum leggja línurnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:45

Á.R.